



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 15. mars 2021  
ÞON21030036

Til mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs  
Ráðhúsi Reykjavíkur

***Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um Rafræna Reykjavík - R21030127***

Vísað er til bréfs, dagsett þann 12. mars 2021, þar sem óskað er eftir svari þjónustu- og nýsköpunarsviðs (ÞON) við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Rafræna Reykjavík, umsóknarvef Reykjavíkurborgar.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri



Reykjavík, 15. mars 2021  
PON21030036

## Svar

**Viðtakandi:** mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð  
**Sendandi:** Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

---

*Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um Rafræna Reykjavík - R21030127*

Þann 11. mars 2021 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði:

*Fyrirspurn um Rafræna Reykjavík umsóknarvef Reykjavíkurborgar: Þrátt fyrir að til sé heil skrifstofa undir þjónustu- og nýsköpunarsviði sem heitir Stafræn Reykjavík sem á að sjá m.a. um vefþróun og stafræna þróun, hefur umsóknarvefur Reykjavíkurborgar Rafræn Reykjavík lítið sem ekkert breyst eða þróast í mörg ár jafnvel þótt keypt hafi verið umtalsverð ráðgjöf og hugmyndavinna innan og utanlands undanfarin ár. Þess vegna er spurt: Eru líkur á því að borgin geti nýtt sér að einhverju leyti alla þá aðkeyptu ráðgjöf og afrakstur hugmyndavinnustofu þjónustu- og nýsköpunarsviðs sem nú þegar er búið að greiða fyrir varðandi áframhaldandi þróun á þessari þjónustugátt Rafræn Reykjavík og öðrum vefjum borgarinnar?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 12. mars 2021.

### Svar:

*Eru líkur á því að borgin geti nýtt sér að einhverju leyti alla þá aðkeyptu ráðgjöf og afrakstur hugmyndavinnustofu þjónustu- og nýsköpunarsviðs sem nú þegar er búið að greiða fyrir varðandi áframhaldandi þróun á þessari þjónustugátt Rafræn Reykjavík og öðrum vefjum borgarinnar?*

Svar: Já.

Virðingarfyllst,

Óskar J. Sandholt